

GJALDSKRÁ

Norðurorku hf. fyrir hitaveitu.

1. gr.

Norðurorka hf. selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Norðurorku fyrir heitt vatn. Gjaldskráin gildir á öllu orkuveitusvæði Norðurorku. Á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast virðisaukaskattur og önnur gjöld samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

2. gr.

Norðurorka takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það sem heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsfólki veitunnar einu heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða:

A. *Vatnsgjald. (allar veitur nema Ólafsfjörður og Reykjaveita)*

Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns.

Grunnverð kr. 129,12.

B. *Fastagjald. (óháð staðsetningu).*

Norðurorka ákveður mælisstærð fyrir hverja húsveitu í samræmi við stærð heimæðar. Greiða skal fast gjald sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fast gjald fyrir hvern mæli:

| <i>Mælir</i> | <i>Grunnverð kr./dag</i> |
|-----------------|--------------------------|
| 15 til 20 mm | 67 |
| 25 til 32 mm | 278 |
| 40 mm | 1.095 |
| 50 mm og stærri | 2.114 |

C. *Heimæðagjald. Aðalheimæðar (allar veitur nema Reykjaveita):*

| <i>Þvermál inntaks</i> | <i>Grunnverð kr.</i> |
|------------------------|----------------------|
| 20 mm heimæð | 494.515 |
| 25 mm heimæð | 639.312 |
| 32 mm heimæð | 840.175 |
| 40 mm heimæð | 1.150.079 |
| 50 mm heimæð | 1.638.171 |
| 65 mm heimæð | 2.424.549 |
| 80 mm heimæð | 3.717.558 |

Lengdargjald:

1. Lengdargjald í dreifbýli er 5.730 kr./m. Lengdargjald er greitt frá stofnlögn að tengistað heimæðar að frádregnum 20 metrum.
2. Lengdargjald í þéttbýli er 10.188 kr./m. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 20 metra innan lóðarmarka.

D. *Bráðabirgðaheimæðar (óháð staðsetningu):*

| <i>Þvermál</i> | <i>Grunnverð kr.</i> | <i>Lengdargjald (kr./m)</i> |
|----------------|----------------------|-----------------------------|
| 20 mm | 55.425 | 7.717 |
| 25 mm | 55.425 | 7.717 |
| 32 mm | 55.425 | 7.717 |

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra í heimæð til bráðabirgðatengingar. Bráðabirgðaheimæðar skulu aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra.

4. gr.

Ólafsfjörður.

Fast gjald mæla, tengigrind og heimæðagjald er innheimt samkvæmt almenntri gjaldskrá, sjá hér að framan.

Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 79,02.

Heitt vatn er selt eftir mínútulítrum og vatnsmælum. Fastgjald fyrir hemil er kr. 67 óháð stærð.

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils er kr. 1.783.

5. gr.

Reykjaveita.

Fast gjald, tengigrindargjald og lengdargjöld (umfram 50 metra) eru þau sömu og í almenntri gjaldskrá, sjá hér að ofan.

Lengdargjald:

Lengdargjald í dreifbýli er 5.730 kr./m. Lengdargjald er greitt frá stofnlögn að tengistað heimæðar að frádregnum 50 metrum.

Heitt vatn er selt eftir vatnsmælum sem mæla jafnt rúmmetrafjölda sem og hitann á vatninu á inntaksstað (framrásarhita) og þar með er hægt að ákvarða kílóvattstundagildi (kWst.) þess vatns sem hver viðskiptavinur fær til afnota. Við ákvörðun kílóvattstunda (kWst.) er bakrásarhiti ákvarðaður með fast gildi 25°C fyrir mæla setta upp árið 2011 og fyrr, en 30°C fyrir mæla setta upp frá árinu 2012 og síðar.

Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra vatns samkvæmt rúmmetramælingu er kr. 189,91.

Vatnsgjald fyrir hverja kílóvattstund (kWst.) sé gjaldið samkvæmt kílóvattstundamælingu fyrir mæla með fast gildi bakrásar 25°C er kr. 4,48.

Vatnsgjald fyrir hverja kílóvattstund (kWst.) sé gjaldið samkvæmt kílóvattstundamælingu fyrir mæla með fast gildi bakrásar 30°C er kr. 5,16.

Norðurorka hf. ákvarðar hvort gjald fyrir afnot vatninu er samkvæmt rúmmetramælingu eða kílóvattstundamælingu. Meginreglan er sú að greitt er samkvæmt kílóvattstundamælingu (kWst.) í Reykjaveitu.

*Heimæðagjald.**Grenivík/Þéttbýli:*

| <i>Þvermál inntaks</i> | <i>Grunnverð kr.</i> |
|------------------------|----------------------|
| 20 mm heimæð | 651.072 |
| 25 mm heimæð | 847.929 |
| 32 mm heimæð | 1.121.805 |
| 40 mm heimæð | 1.544.360 |
| 50 mm heimæð | 2.209.646 |
| 65 mm heimæð | 3.281.757 |

Dreifbýli, þ.m.t. frístundahús o.þ.h.:

| <i>Þvermál inntaks</i> | <i>Grunnverð kr.</i> |
|------------------------|----------------------|
| 20 mm heimæð | 859.604 |
| 25 mm heimæð | 1.097.817 |
| 32 mm heimæð | 1.459.215 |
| 40 mm heimæð | 2.016.731 |

6. gr.

Ýmis ákvæði.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða ef vatnsmælir, húsveita eða annar búnaður bila þannig að mæling bregst, áætlað veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hafi áhleypling

eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar hefst innheimta samkvæmt gjaldskrá.

Ef heimlagnagjald, þar með talið lengdargjald, stendur ekki undir kostnaði s.s. í frágengnu hverfi er heimæðagjald fyrir nýja eða stækkaða heimæð greitt samkvæmt kostnaðaráætlun eða raunkostnaði samkvæmt nánara samkomulagi við umsækjanda.

Tengigrindargjald er innifalið í heimæðagjaldi en sé óskað eftir auka tengigrind gildir verð skv. 7. gr. gjaldskrár þessarar.

Í sumarbústaði, frístundahús, vinnuskúra og þess háttar skal settur skápur á útvegg fyrir inntak heimlagnar samkvæmt nánari leiðbeiningum og skilmálum sem koma fram í heimlagnabæklingi.

Hafi áhleying eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar hefst innheimta lágmarksgjalds.

Grunnverð fyrir sumarhús, frístundahús, verbúðir, hesthús og sambærileg hús er fast gjald og lágmarksgjald sem samsvarar gjaldi fyrir 300 m³ af heitu vatni eða 12.800 kWst. þar sem orkumæling er.

Atvinnustarfsemi sem nýtir iðnaðarvatn til framleiðsluferla nýtur 25% afsláttar af rúmmetra- og kílóvattstundaverði. Skilmálinn gildir eingöngu fyrir atvinnustarfsemi sem nýtir heitt vatn beint í framleiðsluferla og notkun fer yfir 10.000 m³ á ári. Taxtinn gildir í engum tilfellum fyrir húshitun eða kranavatn. Vatn til iðnaðarnotkunar ber 24% vsk.

Sundlaugar sem opnar eru almenningi njóta 25% afsláttar af rúmmetra- og kílóvattstundaverði. Sundlaugar sem nota meira en 25.000 m³ á ári njóta 50% afsláttar á notkun umfram 25.000 m³. Skilmálinn gildir eingöngu þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Norðurorku.

Íþróttavellir utanhúss í fullri stærð (löglegir keppnisvellir) njóta 25% afsláttar af rúmmetra- og kílóvattstundaverði til upphitunar valla og eru þeir á sérmæli sem ber 24% vsk. Skilmálinn gildir eingöngu þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Norðurorku.

7. gr.

Innheimtugjald er samkvæmt gjaldskrá viðkomandi innheimtufyrirtækis samkvæmt samningi þar að lútandi.

Ýmis önnur gjöld:

| | kr. |
|--|--------|
| Gjald fyrir aukaálestur á hvern notkunarstað | 2.348 |
| Afgreiðslugjald á vinnutíma | 5.236 |
| Gjald fyrir auka mæli- eða tengigrind | 65.421 |
| Afgreiðslugjald utan vinnutíma | 22.686 |
| Lokunargjald | 3.353 |
| Veituopnun utan vinnutíma í kjölfar innheimtulokunar | 22.686 |
| Seðilgjald | 217 |

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Norðurorku, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 og lögum nr. 159/2002 um stofnun hlutafélags um Norðurorku, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 2021. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Norðurorku hf. nr. 1234/2019.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. desember 2020.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Hreinn Hrafnkelsson.